

Fundargerð 13. fundar verkefnisstjórnar NordBio áætlunarinnar.
Fundurinn haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu miðvikudaginn 9. apríl 2014.

Mættir: Halldór Runólfsson, Jón Geir Pétursson og Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð. Jafnframt sat Danfríður Skarphéðinsdóttir fundinn.
Forföll: Elvar Knútur Valsson og Stefán Stefánsson.

Formaður setti fundinn kl. 13.00.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Eftirfylgni við fund norræna stýrihópsins

Danfríður hafði sent verkefnisstjórninni ábendingar frá Stefan Källman (dags. 31. mars) sem henni, sem formanni Norræna stýrihópsins, bárust í kjölfar fundar NS þann 3. mars sl. SK bendir m.a. á að mikilvægt sé að tryggja sem aðkomu viðkomandi norrænna sérfræðistofnana að NordBio áætluninni og að fyrirhugaður norrænn lífhagkerfissamráðsvettvangur verði skipaður sérfræðingum þeirra stofnana sem og fulltrúum atvinnulífsins. Þá hvetur SK til að verkefnið „Innovation in the bioeconomy“ taki yfir sem breiðast svið lífhagkerfisins.

Danfríður mun svara SK, þakka honum ábendingarnar og greina frá að þegar hafi verið brugðist við þeim öllum. Óskað verður eftir viðbrögðum frá Matís vegna þess sem snýr að „Innovation in the bioeconomy“.

3. Kynninga- og upplýsingamál

Verkefnisstjóri dreifði og kynnti drög að upplýsingaplani fyrir NordBio. Drögin voru unnin af upplýsingafulltrúum ráðuneytanna (ANR, UAR og UTN) í kjölfar fundar þeirra með verkefnisstjóra NordBio og fulltrúa frá samskiptaskrifstofu MNRS þann 31. mars.

Verkefnisstjórnin tók vel í þær hugmyndir sem fram koma í upplýsingaplaninu og er sammála um mikilvægi kynningar- og upplýsingamála fyrir NordBio áætlunina. Sérstaklega þykir brýnt að hefjast handa við gerð NordBio vefsíðu. Verkefnisstjóra falið að vinna áfram að málinu með upplýsingafulltrúunum.

4. Samningar NMRS um einstök verkefni

Formaður greindi frá því að samningsdrög vegna NordBio verkefna hafa enn ekki borist frá NMRS, en ítrekað hefur verið óskað eftir þeim.

Þá var rætt um að óska eftir því við NMRS að hefja sem fyrst undirbúning að samningi vegna annarra verkþátta NordBio, en gert áætlað er að kostnaðaráætlun vegna þeirra verði staðfest af Norræna stýrihópnum og EK-FJSL í júní.

5. Önnur mál

a) Drög að fjárlögum NMR fyrir 2015.

Formönnum norrænu embættismannanefndanna hafa verið send fundargögn vegna næsta NSK fundar, þann 23. apríl. Á þeim fundi verða m.a. teknar fyrir fjárveitingar varðandi formennskusjóð Íslands fyrir árið 2015. Í gögnunum kemur fram að búið sé að eyrnamerkja fjárveitingar til forgangsverkefnanna þriggja með sama hætti og gert var fyrir árið 2014. Það er skilningur verkefnisstjórnar svo hafi ekki átt að vera og mun verkefnisstjórnin gera athugasemdir við það, enda standa vonir til að NordBio áætlunin fái hærri fjárhæð á árinu 2015 en í ár.

b) Heimsráðstefna á vegum ISEE

Á fundi verkefnisstjórnar þann 10. febrúar sl. var rætt um aðkomu NordBio að alþjóðlegri ráðstefnu vishagfræðinga, ISEE (the International Society for Ecological Economics) sem fram fer í Reykjavík í ágúst. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Well-being and Equity within Planetary Boundaries“. JGP greindi frá því að hann hefur verið í sambandi við skipuleggjendur ráðstefnunnar og verið er að skoða með hvaða hætti NordBio komi þar að.

JGP yfirgaf fundinn kl. 14.00.

6. Norrænn lífhagkerfisvettvangur

Kl. 14.00 mættu Hörður G. Kristinsson og Sigrún Elsa Smáradóttir frá Matís á fundinn til að ræða fyrirhugaða stofnun norræns lífhagkerfisvettvnags (nordisk bioökonomipanel - NBP).

HR bauð þau velkomin og greindi frá bakgrunninum og hugmyndum að stofnun NBP. Hörður á sæti í sambærilegum og nýstofnuðum evrópskum lífhagkerfisvettvangi og greindi hann frá hlutverki og samsetningu hans. Meðal annars var rætt var um tilgang og hlutverk NBP og hvernig hann ætti að vera skipaður.

HR hafði í samvinnu við NMRS unnið drög að minnisblaði um stofnun NBP sem áætlað er að tekið verði fyrir á fundi forsætisráðherra Norðurlandanna í lok maí. Óskað HR eftir því að Matís rýndi minnisblaðið og skilaði ábendingum til verkefnisstjórnar á næstu dögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.